

Fundargerð 241. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjarfundur, mánudaginn 24.10.2022 kl.13:15 – 15:45.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir.
Í fjarfundi: Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 238, 239 og 240.
Undirritun frestað.

2. FF og áfangastaðaáætlun: Tillaga að uppfærsla á verklagsreglum stjórnar.

Textinn sem var samþykktur á fundi stjórnar 10.mars 2022:

Umsóknir um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem eru í áfangastaðaáætlun síns svæðis geta fengið allt að 10 stig ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Verkefnið er tilgreint í áfangastaðaáætlun eða aðgerðaráætlun svæðisins sem eru í opinberri birtingu í lok umsóknarfrests, sem að öllu jöfnu er í lok október á hvert.
- Í áfangastaðaáætlun eða aðgerðaráætlun er nánari verkefnalýsing fyrir verkefnið þannig að hægt verði að meta styrkhæfni þess miðað við lög og reglur sjóðsins. Í verkefnalýsingu kemur fram markmið verkefnis, stutt og hnitmiðuð verkefnalýsing og helstu verkþættir.

Ný endurbætt tillaga:

Umsóknir um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem eru í áfangastaðaáætlun síns svæðis geta fengið allt að 10 stig ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Verkefni sem sótt er um fyrir skal vera tilgreint í áfangastaðaáætlun eða aðgerðaráætlun svæðisins sem eru í opinberri birtingu í lok umsóknarfrests, sem að öllu jöfnu er í lok október á hvert.
- Í áfangastaðaáætlun eða aðgerðaráætlun er verkefnalýsing fyrir verkefnið. Í verkefnalýsingu kemur fram markmið verkefnis, stutt og hnitmiðuð verkefnalýsing og helstu verkþættir.
- Verkefni sem skilgreind eru í áfangastaðaáætlun og sótt er um fyrir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða eru ávallt metin út frá lögum og reglum sjóðsins.

Ný endurbætt tillaga samþykkt.

3. Yfirferð umsókna á ákvörðunar:

U22101048	Akraneskaupstaður	Hönnun á aðgengi og sturtuaðstöðu á Langasandi.
U22101047	Akraneskaupstaður	Áframhaldandi uppbygging á ferðamannastaðnum Brekku Akranesi
U22101120	Akureyrarbær	Áningar- og útsýnisstaður í Hlíðarfjalli
U22101108	Akureyrarbær	Hrísey - greið leið um fornar slóðir
U22101088	Akureyrarbær	Grímsey – bætt upplifun og öryggi
U22101050	Akureyrarbær	3 áfangi stígagerðar og brúun Lambár á Glerárdal
U22101077	Björk,skógræktarfélag	Endurnýjun göngustíga í Barmahlíð
U22101109	Bolungarvíkurkaupstaður	Baðströnd Bolungarvíkur
U22101087	Borgarbyggð	Upplifunarhönnun og uppbygging innviða í Einkunnunarfólkvangi í Borgarbyggð
U22101110	Byggðasafn Skagfirðinga	Undirbúningur og deiliskipulagsgerð vegna nýrrar aðkoma bílastæðis við Glaumbæ
U22101107	Bærinn okkar, félagasamtök	Hjallurinn
U22101121	Cycling Westfjords ehf.	Sjálfsalar fyrir reiðhjólavarahluti
U22101114	Cycling Westfjords ehf.	Pingeyri Varanlegan reiðhjóla viðgerðastand
U22101115	Dalvíkurbyggð	Göngubrú yfir Svarfaðardalsá
U22101111	Esjuferja ehf.	Esjuferja
U22101064	Fasteignafélagið Pingeyri ehf.	Sjósundaðstaða á Pingeyri
U22101072	Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs og nágrennis	Uppbygging á Englandi
U22101067	Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs og nágrennis	Uppbygging Borgarfjarðarbrautar
U22101092	Ferðafélagið Útivist	Stikun og merkingar gönguleiðar yfir Fimmvörðuháls
U22101063	Félag um listasafn Samúels	Göngustígar og aðgengi Listasafni Samúels í Selárdal
U22101065	Félag um safn Gísla á Uppsölum	Gerð göngustíga við Uppsali í Selárdal

Næstu fundir:

31. október

07. nóvember

14. nóvember
21. nóvember
28. nóvember

Fundi slitið kl. 15:45

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna



The image shows four handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. The signatures are: 1. P. Adnan, 2. S. S. S., 3. Þ. Þ. Þ., and 4. J. J. J.